

Alþingi
samgöngunefnd
b.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 5. nóvember 2007

0710042HA BLB
Tilv.: 613

Efni: Frumvarp til hafnalaga

Á fundi stjórnar Hafnasambands Íslands þann 2. nóvember 2007 var m.a. lagt fram bréf Alþingis dags. 19. október 2007, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til hafnalaga, 93. mál, geymslugjald og heimild til að fresta framkvæmdum. Fjallað var um málið og samþykkt eftirfarandi bókun:

Hafnasamband Íslands telur jákvætt að lengja gildistíma ákvæða um styrkveitingar vegna framkvæmda í höfnum, úr ríkissjóði til ársloka 2010 og Hafnabótasjóði til 1. janúar 2011.

Breytingin er hluti af mótvægisáðgerðum ríkisstjórnar Íslands vegna skerðingar á aflaheimildum, en ekki var haft samráð við hafnasambandið um þessar tillögur.

HÍ telur að nauðsynlegt hefði verið að hafa samráð um þessar og aðrar viðtækari áðgerðir sem eru til að bregðast við auknum rekstrarvanda hafna. Athygli er vakin á að samdráttur í þorsveiðiheimildum mun valda um 100 til 150 m.kr. árlegu tekjutapi hafnanna, sem óhjákvæmilegt er að bregðast við með beinum framlögum ríkisins til hafna.

Stjórn HÍ bendir á minnkandi aflaheimildir í sjávarútvegi og samdrátt í sjóflutningum og leggur þunga áherslu á að flýta vinnu við endurskoðun 24. gr. hafnalaga nr. 61/2003 í samræmi við IV. lið ákvæðis til bráðabirgða í hafnalögunum, en greinin hljóðar þannig: „Ráðherra skal í síðasta lagi árið 2010, eða fyrr ef nauðsyn krefur, skipa sérstaka skoðunarnefnd sem hafi það hlutverk að meta hvort töluleg viðmið 24. gr. þurfi breytinga við í ljósi reynslunnar.“

Stjórnin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllt
HAFNASAMBAND ÍSLANDS



Birgir L. Blöndal